

*Alþingi**Erindi nr. P 121/2104**komudagur 12.5.1997*

Fax: 5630610

Árðandi

12. maí 1997

Til Guðjóns Rúnarssonar  
Frá Steingrími Ara

Athugasemdir vegna 2. tl. 1. mgr. 8. gr.:

Annað skilyrði sem lífeyrissjóður þarf að uppfylla til að taka við iðgjaldi með samningi um lífeyrisspamað er að hann tiltaki þá lágmarkstryggingavernd sem starfsemi hans er ætlað að taka mið af. Miðað við greiðslu iðgjalds í 40 ár og 70 ára ellilífeyrisaldur á lágmark þetta að leiða til þess að sjóðfélögum sé tryggður mánaðarlegur ellilífeyrir til æviloka sem er a.m.k. 50% af þeim mánaðarlaunum sem greitt er af. Lágmarkstryggingaverndin á jafnframt að leiða til samsvarandi örorku-, maka- og barnalífeyrisréttinda, sbr. ákvæði III. kafla frumvarpsins.

Ákvæði um lágmarkstryggingavernd eiga að vera í samþykktum lífeyrissjóðs og í samræmi við tryggingafræðilega athugun. Iðgjaldi umfram það sem áætlað er að þurfi til að standa undir lágmarksverndinni á hver sjóðfélagi að geta ráðstafað eins og viðbótariðgjaldi til samtryggingar eða í samræmi við samning um lífeyrisspamað og þá hjá viðkomandi lífeyrissjóði eða öðrum.

Ákvæði um lágmark tryggingaverndar gcfur lífeyrissjóði kost á því að útfæra verndina þannig að hún byggi samtímis á samtryggingu, skv. III. kafla og samningi um lífeyrisspamað skv. II. kafla. Þannig getur lífeyrissjóður boðið sjóðfélögum sínum að uppfylla lágmarksskilyrðin með því að hluti iðgjalds þeirra fari til samtryggingar og hluti til lífeyrisspamaðar. Með öðrum orðum þá er gefinn kostur á því að lágmarksverndin sé tryggð með samþættingu samtryggingar og séreignar.